

MINNINGAR FRÁ SUMRINU 2012

7 Lífssýnarfélagar fóru norður til einnar sem býr í Eyjafirðinum, bjó áður í Mánahlíð en nú í Sunnuhlíð. Okkur var vel tekið af fólki og náttúru. Kaldbakur í öllum sínum skrúða með álfum og hulduverum, dísnum og englum allan hringinn. Þaðan fórum við í heimsókn til Stefáns í Akurseli norður í Öxarfirði, nálægt Ásbyrgi. Fengum við að ná okkur í kraft úr Völvuleiðinu þar í túninu og skoðuðum gulrótargarða sem lágu út í hafsauga. En það skemmtilegasta við þetta var að þarna voru stórvaxnar glæsipiur í silkikjólum er struku slóða sína eftir beðunum. Segir bóndinn það hafi komið að gagni að hafa samband við þær. Ferðin var skemmtileg, allir fjallatívar og dísir sýndu sig í sínu fínasta þússi.

Bestu kveðjur, Erla og co.

Haustið 2012 - í Svíðþjóð

Trén tóku á móti okkur, þinur, greni, beyki, eik, kastaníutré, epla og perutré, ferskju og plómutré, birki og hlynur. Sorgarvíðir hengdi krónur sínar yfir okkur bæði með gleði og depurð. Við keyrðum inn í „Allé“ þar sem álfarnir stukku milli greinanna og skildu eftir sig marglita slóða, bláa, gula, blágræna, rauðgula og fjólubláa, silfri stráð er þyrtaðist yfir bílinn og þrýstist inn eins og glitrandi úði. Þvílík fegurð, það yljár og gleður efnisbústaðinn, tilfinningarnar og hugann.

Erlan.

lífssyn.com

Minum enn á heimasíðu Lífssýnar, en þar geta allir séð Fréttabréfið sem og annað tengt starfi félagsins. Nú er ætlunin að minnka vinnu og pappírskostnað og senda aðeins þeim sem þess óska fréttabréfið með pósti. Þeir sem vilja bréfið á pappír láti mig vita á netfangið hraunbrun@hotmail.com, Jón Hrafn Hlöðversson.

HELSTU (T)ENGLAR LÍFSSÝNAR

Ari Magnússon 552-7977
Bergþóra Andrésdóttir 566-7051
Jón Hrafn Hlöðversson 551-8884
Jóhanna Viggósdóttir 552-4707
Kolbrún Guðjónsdóttir 566-6295
Þórunn Karlsdóttir 552-5907

Ámundi Sigurðsson 562-5324
Erla Stefánsdóttir 552-1189
Jóhanna Steingrimsdóttir 567-2623
Katrín Þorvaldsdóttir 551-2327
Kristín Gunnlaugsdóttir 552-7870
Þóra Björg Þórisdóttir 562-5324

Hugleiðing

Ég var að hugleiða fyrsta félagsfund vetrarins, þann 2. október s.l. í hinu fallega húsi Ragnheiðar Jónsdóttur og Arnórs Víkingssonar, húsi Hannesar Hafstein þar sem var margt manna í nútíð og þátíð í efnisheimi og frá öðrum heimum.

Við veltum fyrir okkur orðinu Mystic = leyndardómi mannsins, náttúrunnar, jarðarinnar og alheimsins og í trúnni. Að við kæmumst til botns í því var langur vegur frá. Að tala um tilfinningar, huglíkama og hugform, álfa, hulduverur, sögu jarðarinnar og aðra heima vöktu bara fleiri spurningar.

Ef við gætum hækkað vitund okkar og leyft sál okkar að tala, yrðum við einhvers vísari, - gætum jafnvel nálgast minningarbrunn landsins, að ég tali ekki um jarðarinnar. Leyndardómur lífsins myndi þá birtast okkur í öllu sínu veldi og fylla skilningarvit okkar.

Ættum við að reyna?

Hlustaðu – horfðu – finndu.

– Erlan

FÉLAGSFUNDIR 2012

Félagsfundir Lífssýnar í vetur verða haldnir í Bolholti 4, 4. hæð í sal Rósarinnar kl. 20:30. Eru þeir alltaf 1. hvern þriðjudag í mánuði. Allir ævinlega velkomnir.

6. nóvember:

Þá ætlar rithöfundurinn Hallgrímur Helgason að tala um hvernig hann fangar hugmyndir sínar.

4. desember:

Jólafundur verður með hefðbundnu sniði, helgileikur, jólas máhlaðborð og jólaleikir.

Og á nýju ári kemur Haraldur Erlendsson og talar um Bárð Snæfellsás og fleiri góða vini.

Síðan má athuga með drauma að degi og nóttu.

Eða fréttir frá öðrum heimum. Eruð þið, kærur Lífssýnarfélagar með einhverjar hugmyndir í pokahornum ykkar?

VILLT ÞÚ VITA EITTHVAÐ UM SJÁLFA/N ÞIG?

Hver er þessi félagsskapur? Hópur fólks sem vill vita meira í dag en í gær. Því við reynum að spá í „lífssýnina“ fyrir framtíð og fortíð. Einnig þessa eilífu spurningu: „Til hvers er þetta líf?“

Hvar er endirinn? Hvert er hlutverk mitt í lífinu? Á hvaða leið er ég og hver er leiðbeinandi minn, okkar?

Nánari upplýsingar í síma 552-1189.

VÍSNAÞÁTTUR

vinir vorsins fljúga burt
veturinn hylur fagra jurt
en vorið birtist enn á ný
og vekur okkar vinnuþý (englana)

Ég bað dóttur mína að botna – getið þið gert betur?

vinir vorsins fljúga burt
vart er því að kvíða
laufin leggjast yfir jurt
eftir ljósinu að bíða.

vinir vorsins fljúga burt
vetur nálgast norðan
vindur skekur viðkvæma jurt
verst hún í moldarforðann.

Hér er auglýst eftir botnum, eða framhaldi, með vor og vetur, sjáum hvað setur.

Est.

Fegurð hrífur hugann meira
ef hjúpuð er,
svo andann gruni ennþá fleira
en augað sjer.

Hannes Hafstein

EINKATÍMAR HJÁ ERLU

Teikning á sálaráru, lestur og skýring á eiginleikum.
Fyrri líf rifjuð upp, lestur í Tarot og fleiri spil.

Upplýsingar í síma 552-1189.